

og gerðarþola hefur farið á milli. Af þessari ástæðu þykir ekki unnt að verða við þeirri kröfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli verði sviptur umráðum margnefnds handrits.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. mars 1974.

**Nr. 83/1973: Gísli Magnússon f. h. ólögráða sonar síns,
Magnúsar Gíslasonar,**

(Einar Sigurðsson hdl.)

gegn

**Ólafi Helga Árnasyni, Fjólu Einarsdóttur
og Einari Ólafssyni**

(Sigurður Hafstein hdl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfa-
son.**

Skaðabótamál. Börn.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. maí 1973. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.515.258.00 með 7% ársvöxtum frá 25. mars 1973 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 1.018.420.00 með 7% ársvöxtum frá 4. desember 1965 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri

eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. maí 1973.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en þau höfðu gjafvörn í héraði og fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 3. október 1973. Til vara krefjast stefndu þess, að bætur verði felldar niður eða lækkaðar mjög verulega og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Slys það, sem um er fjallað í máli þessu, varð 12. maí 1962. Gísli Magnússon, faðir áfrýjanda, tilkynnti um slysið sama dag til rannsóknarlögreglu, sem tók þegar skýrslu af honum. Rannsóknarlögreglan tók skýrslu af stefnda Einari Ólafssyni 15. s. m. að viðstöddum föður hans, stefnda Ólafi Helga Árnasyni. Síðan var ekkert aðhafst vegna slyssins fyrr en lögmaður áfrýjanda ritaði stefnda Ólafi Helga kröfubréf 18. apríl 1969. Héraðsdómsstefna í málinu var birt 1. desember 1969. Áfrýjandi gaf skýrslu fyrir dómi um málið 14. desember 1971 og kvaðst þá ekkert muna eftir atvikum slyssins. Stefndi Einar Ólafsson kom fyrir dóm 15. mars 1973 og kvað atvik slyssins algerlega sér úr minni liðin. Eru því eigi önnur gögn um atvik máls þessa en skýrsla stefnda Einars frá 15. maí 1962, sem því verður að leggja til grundvallar við úrlausn máls þessa.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að sýkna stefndu Ólaf Helga og Fjólu af kröfum áfrýjanda.

Einar Ólafsson var 10 ára og 7 mánaða gamall, er slysið varð, og er ekki annað fram komið en þroski hans hafi verið eðlilegur. Honum mátti vera ljóst, að bogi og ör getur verið hættulegt leiktæki, og hann hefur viðurkennt, að móðir hans, stefnda Fjóla, hafi bannað honum að hafa bogann undir höndum og sagt honum að fara með hann út og eyðileggja. Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur stefndi Einar lýst því,

að þegar hann kom út með bogann, hafi börn hópast utan um hann, og í þeim hópi var áfrýjandi, sem var þá rúmlega 5 ára að aldri. Stefndi Einar kveðst hafa lagt ör á bogann og „rétt aðeins dregið hann upp, er ég missti óvart örina af boganum, og hún lenti í litlum strák“, er stóð rétt hjá. Leggja verður til grundvallar, að slysið hafi orðið að óvilja Einars, en vegna ógætni hans við meðferð bogans og örvarinnar verður að leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni því, er áfrýjandi hefur orðið fyrir vegna slyss þessa.

Aðalkröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1. Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 1.265.258.00
2. Bætur fyrir lýti, miska og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
Kr. 1.515.258.00	

Varakröfu sína sundurliðar áfrýjandi þannig:

1. Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 763.420.00
2. Bætur fyrir lýti, miska og röskun á stöðu og högum	— 250.000.00
3. Kostnaður vegna örorkumats o. fl.	— 5.000.00
Kr. 1.018.420.00	

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur hinn 15. febrúar 1974 reiknað út af nýju tjón áfrýjanda vegna örorku þeirrar, er hann hlaut af slysinu. Er miðað við sömu forsendur og áður, en tillit tekið til þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því að tryggingastærðfræðingurinn gerði síðast reikning sinn. Telur hann, að heildartjón áfrýjanda miðað við slysdag og meðaltekjur iðnaðarmanna, sjómanna og verkamanna nemi kr. 763.420.00, en kr. 711.662.00, ef aðeins sé miðað við meðaltekjur verkamanna. Sé hins vegar miðað við 16 ára afmælisdag áfrýjanda, séu samsvarandi fjárhæðir kr. 1.515.488.00 og kr. 1.412.733.00.

Þegar litið er til atvika allra, þykir mega ákveða örorku-

tjón áfrýjanda alls kr. 530.000.00 og ófjárhagslegt tjón hans kr. 60.000.00.

Í héraðsdómi er lýst, hvernig boginn og örin, sem meiðsl áfrýjanda hlutust af, voru úr garði gerð. Má af þeim lýsingum ráða, að boginn hafi verið aflfíttill og ekki sérstaklega skaðvænlegur af slíku tæki að vera. Með hliðsjón af þessu, aldri stefnda Einars og atvikum að slysinu að öðru leyti verður sök hans ekki talin stórvægileg. Leitt er í ljós, að stefndi Einar var efnalaus, og foreldrar hans höfðu eigi keypt ábyrgðartryggingu vegna hans. Er rétt, eins og hér stendur á og með lögjöfnun frá 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947, að lækka verulega bætur úr hendi stefnda Einars. Þykja heildarbætur, er honum verður dæmt að greiða áfrýjanda, hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 27. nóvember 1969.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Akvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað skulu vera óröskuð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja, kr. 80.000.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Stefndu Ólafur Helgi Árnason og Fjóla Einarsdóttir eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Gísla Magnússonar f. h. ólögráða sonar míns, Magnúsar Gíslasonar, í máli þessu.

Stefndi Einar Ólafsson greiði áfrýjanda kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Akvæði héraðsdóms um gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjafsóknar- og gjafvarnarkostnaður málsins fyrir

Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna aðilja, Einars Sigurðssonar og Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmannna, kr. 80.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. apríl 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., höfðaði Gísli Magnússon, Gnoðarvogi 62, Reykjavík, f. h. ólögráða sonar, Magnúsar Gíslasonar, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27. nóvember 1969, á hendur Ólafi Helga Árnasyni og Fjólu Einarsdóttur persónulega og f. h. ólögráða sonar þeirra, Einars, til heimilis að Skálagerði 3, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta in solidum.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefndu því yfir, að Einar Ólafsson væri þá orðinn fjárráða og tæki því sjálfstæða aðild að málssókninni, að því er hún beindist að honum. Var heiti málsins breytt með tilliti til þess.

Dómkröfur stefnanda nú eru því þær, að stefndu verði inn solidum dæmd til greiðslu á kr. 1.515.258.00 með 7% ársvöxtum frá 12. maí 1962 svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. september 1969, var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi.

Stefndu hafa aðallega krafist algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 21. janúar 1970, var þeim veitt gjafvörn. Til vara krefjast þau þess, að bætur verði alveg felldar niður, en málskostnaður dæmdur að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Til þrautavara krefjast þau þess, að stefnukrafa verði lækkuð mjög verulega, sök skipt og málskostnaður dæmdur gjafvarnarhöfum, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að hinn 12. maí 1962 hafi það hörmulega slys orðið, að drengurinn, stefndi Einar Ólafsson, þá 10 ára gamall, skaut ör af boga í auga drengsins Magnúsar Gíslasonar, sem þá var 5 ára að aldri. Afleiðingar slyssins hafi orðið þær, að drengurinn Magnús hafi misst sjón á hinu skaddaða

auga, og samkvæmt örorkumati hafi varanleg örorka drengsins af völdum slyssins talin vera 20%.

Stefnandi Gísli tilkynnti lögreglunni um slysið hinn sama dag. Leifur Jónsson lögreglumaður fór heim til Gísla, og í skýrslu rannsóknarlögreglunnar segir Leifur Jónsson svo:

„Ég fór þegar á staðinn og hafði tal af Gísla. Hann skýrði mér frá því, að um kl. 17.30 í dag hefði sonur sinn Magnús, f. 25/3 1957, komið heim hágrátandi og hefði blóð runnið úr öðru auga hans og hefði það verið mikið skaddað.

Gísli kvaðst þegar hafa farið með barnið til læknis og hefði það verið flutt á sjúkrahús og hefði Kristján Sveinsson augnlæknir skorið augað upp og hefði hann talið litla von um, að barnið héldi fullri sjón á auganu. Eftir uppskurðinn hefði sér verið leyft að fara með drenginn heim, þar sem talið hefði verið, að hann yrði rólegri þar, en mikið væri undir því komið með bata, að augað yrði ekki fyrir hnjaski.

Gísli kvaðst hafa farið að grennslast eftir því, hver valdur hefði verið að meiðslunum á Magnúsi litla, er hann kom heim af sjúkrahúsinu, og hafi hann fengið þær upplýsingar hjá börnum, að þar hefði verið að verki 10 ára drengur, Einar Ólafsson, er ætti heima í Skálagerði 3. Hann kvaðst hafa farið til Einars og spurt hann um þetta og hefði hann viðurkennt það fyrir sér, að það hefði verið hann, er skaut örinni, er lenti í auga Magnúsar litla, en það hefði verið óviljaverk. Gísli kvaðst hafa farið heim að Skálagerði 3 til að láta foreldra Einars vita um þetta, en þá hefði enginn verið heima. Gísli kvaðst hafa kafið Einar um að láta sig hafa bogann, er hann skaut örinni af, en Einar hefði sagt sér, að hann hefði eyðilagt hann strax eftir slysið.“

Hinn 15. sama mánaðar tók framangreindur lögreglumaður skýrslu af Einari Ólafssyni hjá rannsóknarlögreglunni. Þar skýrði stefndi Einar svo frá, að um hádegið slysdaginn hafi hann smíðað sér boga úr íslenskum trjávið. Hafi hann farið að leika sér með bogann og skotið nokkrum örvum af honum niðri á túni, þar sem enginn var nálægur honum. Um klukkan 1600 um daginn hafi hann farið með bogann inn til sín og hafi þá móðir sín séð bogann og sagt svona við sig: „Einar minn, ég vil ekki, að þú sért með boga, farðu út og skemmdu hann.“ Kvaðst Einar svo hafa farið út með bogann og er hann hafi komið út, hafi krakkarnir hópast í kringum sig til að sjá bogann hjá sér. Krakkarnir hafi sagt við sig: „Skjóttu mig, skjóttu mig“, en hann kvaðst ekki hafa viljað gera það. Hann kvaðst hafa verið með ör á boganum og

hafði rétt aðeins dregið hann upp, er hann hafi óvart misst örina af boganum. Hafi hún lent í litlum dreng, er stóð rétt hjá honum, og hafi drengurinn hlaupið grátandi í burtu. Einar kvaðst ekki hafa þekkt drenginn neitt, en hann hafi vitað, að hann ætti heima í stóra fjölbýlishúsinu við Grensásveginn. Einar kvaðst ekki hafa þekkt neitt af krökkunum, sem þarna voru við, en kvaðst halda, að eitthvað af þeim hafi átt heima í sama fjölbýlishúsinu og drengurinn, er meiddist. Ekki kvaðst Einar hafa vitað, hvað drengurinn, sem fékk örina í sig, hafi meitt sig mikið, þar sem hann hafi hlaupið strax í burtu.

Að þessari yfirheyrslu lokinni bókar lögreglumaðurinn, að faðir Einars, stefndi Ólafur Helgi, hafi verið viðstaddur hana og ekki hreyft neinum mótmælum. Hafi hann skýrt svo frá, að umræddur bogi hefði verið eyðilagður strax eftir slysið og hefði hann lagt á það ríka áherslu við son sinn, að hann mætti aldrei leika sér með boga, þar sem það gæti haft í för með sér slysaættu, svo sem komið hefði í ljós.

Stefndi Ólafur Helgi kom hér fyrir dóm hinn 6. apríl 1972. Skýrði hann svo frá, að hann hafi umræddan dag farið í vinnu að morgni og því ekki vitað um gerðir sonar síns þann dag. Kvaðst hann ekkert hafa vitað um atburðinn, fyrr en hann hafi verið boðaður með syni sínum til rannsóknarlögreglunnar hinn 15. maí. Hafi hann þar samþykkt framburð sonar síns, þar sem hann kvaðst ekki hafa getað borið sjálfstætt um atvikið. Gat hann þess, að hann hafi frá fæðingu varað börn sín við hættulegum hlutum, hnífum og skærum, og þar á meðal myndunar boga eða annarra þeirra tækja, sem hætta gæti stafað af. Aðspurður um það, hvort hann hafi haft samband við foreldra hins slasaða barns eftir slysið, kvað hann sig ekki hafa gert það. Hins vegar hafi faðir drengsins talað við sig, þá fyrir um það bil tveimur árum (1970), og spurt sig, hvort hann hefði heimilistryggingu. Kvaðst hann hafa svarað því neitandi, en spurt um ástæðu fyrir fyrirsurninni. Hafi stefnandi sagt ástæðuna vera umrætt slys. Þetta samtal sé það eina, sem hann viti um slysið, auk framangreindrar yfirheyrslu með syni hans hjá rannsóknarlögreglunni.

Stefnandi Gísli kom hér fyrir dóm í desember 1971. Eftir að hafa heyrt framangreinda skýrslu rannsóknarlögreglumannsins, kvað hann þar vera rétt eftir sér haft. Gísli kvaðst hafa reynt að ná til foreldra stefnda Einars, en það hafi gengið illa, þar sem þeir hafi virst vera lítið heima. Hafi því liðið nokkur tími, þar

til hann náði tali af stefnda Ólafi Helga á vinnustað hans. Kvað hann sér hafa virst sem Ólafur Helgi hefði ekki vitað neitt um atburðinn. Kvaðst hann hafa skýrt Ólafi Helga frá því, hvað sonur hans hafði gert. Hafi Ólafur Helgi lítið svarað þessu, en stefnandi kvaðst hafa tjáð honum, að hann mundi leita til lögfræðings til könnunar á því, hver réttarstaða sín væri út af atvikinu. Allnokkur tími hafi þó liðið, þar sem hann kvaðst hafa verið að vonast eftir því, að stefndi Ólafur Helgi mundi hafa tal af sér.

Í þessu sama þinghaldi kvaðst Magnús Gíslason ekki þá muna neitt eftir atvikinu, en hann stundaði þá nám við Vogaskóla á gagnfræðaskólastigi. Hann kvað ástand augans vera óbreytt frá því, er segir í ályktun Stefáns Guðnasonar læknis.

Í þinghaldi 15. mars þ. á. skýrði stefndi Einar svo frá, að hann myndi eftir því að hafa verið boðaður til rannsóknarlögreglunnar vegna umrædds atviks, en hann kvað atvikið sér algerlega vera úr minni. Hann kvaðst á árunum 1971 til 1972 hafa verið nemandi í Búnaðarskólanum að Hólum. Þær tekjur, sem hann hafi unnið fyrir á þessum árum, hafi verið svo litlar, að þær hafi á engan hátt nægt fyrir skólakostnaði. Eignir kvaðst hann engar eiga.

Stefán Guðnason læknir mat örorku stefnanda af völdum slyssins hinn 26. september 1969, en í vottorði hans, dags. 3. nóvember 1969, segir svo:

„Fyrir liggur vottorð Guðmundar Björnssonar, augnlæknis, Reykjavík, dags. 16/10 1969 svohljóðandi:

„Magnús Gíslason, fæddur 25/3 1957, til heimilis að Gnoðarvogi 62, Reykjavík, varð fyrir slysi 12. maí 1962. Ör af boga lenti í hægri auga með þeim afleiðingum, að hornhimna augans sprakk og augasteinn eyðilagðist. Sárið var saumað saman á spítala. Vegna hins mikla áverka á auganu má það teljast blint, þar eð mikil örmyndun er á hornhimnu augans, og leifar af augasteini hindra sjón. Augnbotn sést ekki, svo ekki verður ráðið, hvort sjónhimna er sködduð. Von um aukna sjón við skurðaðgerð er hverfandi lítil vegna fyrrgreindra áverka, og má augað því teljast ónothæft. Sjón á vinstra auga er góð (6/6).“

Slasaði kom til undirritaðs til skoðunar 26/9 1969. Skýrt er frá atburðum slyssins, eins og að framan greinir. Slasaði lá í sjúkrahúsi að sögn um tíma eftir slysið. Hægri auga hans er blint að öðru leyti en því, að slasaði sér mun myrkurs og birtu. Slasaði hefur fulla sjón á vinstra auga.

Ályktun: Um er að ræða 12 ára dreng, sem missti sjónina á

hægra auga af slysförum, er hann var 5 ára. Augnlæknir telur augað nú ónothæft og hverfandi litlar líkur fyrir því, að sjón á því gæti aukist við aðgerð.

Samkvæmt framanskráðu verður að lykta, að hið slasaða barn hafi hlotið varanlega örorku vegna afleiðinga framannefnds slyss, allt frá slysdegi, og telst sú örorka hæfilega metin 20%.

Á grundvelli þessa öorkumats reiknaði Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur út örorkutjón drengsins Magnúsar. Í útreikningum tryggingafræðingsins, síðast dagsettum 12. mars 1973, miðar hann framtíðartekjur með tilliti til meðalatvinnutekna verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Á þeim grundvelli reiknast tryggingafræðingnum verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps nema á slysdegi kr. 637.368.00, á 12. afmælisdegi drengsins kr. 965.259.00 og á 16. afmælisdegi hans kr. 1.265.258.00. Ef hins vegar vinnutekjuáætluninni væri breytt þannig, að eingöngu væri miðað við meðalatvinnutekjur verkamanna, þá reiknast verðmæti vinnutekjutapsins nema á slysdegi kr. 594.440.00, á 12. afmælisdegi drengsins kr. 900.242.00 og á 16. afmælisdegi hans kr. 1.180.034.00. Krafa stefnanda í málinu nú er m. a. byggð á hæsta verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps, eða kr. 1.265.258.00. Samkvæmt því er krafa stefnanda sundurliðuð þannig:

- | | |
|---|------------------|
| 1. Bætur samkvæmt örorkuútreikningi | kr. 1.265.258.00 |
| 2. Bætur vegna þjáninga, lýta og röskunar á
stöðu og högum | — 250.000.00 |

Samtals kr. 1.515.258.00

Stefnandi byggir kröfu sínar á því, að stefndu séu skaðabótaskyld á tjóni því, er drengurinn Magnús varð fyrir við umrætt slys. Stefndi Einar hafi verið á 11. ári, er slysið skeði, og megi því ætla, að hann hafi þá öðlast þann þroska og skynsemi, að hann hafi gert sér grein fyrir því, hversu hættulegt leikfang boginn var og hverjar afleiðingar leikur með hann gat haft í för með sér. Foreldrum hans, stefnda Ólafi Helga og stefndu Fjólu, hafi verið kunnugt um, að stefndi Einar hafði bogann í fórum sínum, en létu þó undir höfuð leggjast að svipta hann umráðum bogans. Af þeim sökum sé bótakröfunni einnig beint gegn þeim persónulega.

Sýknukrafa stefndu er studd þeim rökum, að slys það, er málið er risið af, hafi verið hrein óhappatilviljun, en ekki orsakast af

gáleysi stefnda Einars. Bogi sá, sem hann hafði með höndum, hafi verið gerður af honum sjálfum úr trjáviðargrein og ör sú, er hann var með, hafi verið önnur trjágrein minni og ótálguð, því hníf hafi hann ekki haft yfir að ráða. Slík tæki séu mjög algeng meðal drengja á vissum aldri, enda hafi um það leyti, er slysið varð, verið mikil „bogaalda“, sem gengið hafi yfir hverfi það, er hann bjó í. Umræddur bogi hafi verið harla ófullkominn, ef miðað sé við fullkomin tæki sömu tegundar. Dragi það úr því, að drengurinn hafi gert sér grein fyrir því, að hann væri með leiktæki, er reynst gæti hættulegt öðrum. Virðist sama skoðun koma fram hjá barnahópi þeim, er hvatti hann til að skjóta á sig. Tækið sé því ekki þess eðlis, að þau hræðist það á nokkurn hátt. Samkvæmt atvikalýsingu í lögregluskýrslu hafi stefndi Einar haft bogann með höndum í um fjórar klukkustundir, er móðir hans, stefnda Fjóla, verður þess vör. Hún áminnir hann um að eyðileggja bogann og þar sem hún hafi verið því vön, að drengurinn hlýddi því, er hún áminnti hann um, hafi hún talið sig geta treyst því einnig í þetta sinn. Er drengurinn hafi hins vegar komið út, hafi hópast að honum börn, er hvetja hann til að skjóta á sig úr boganum. Það séu þessi atvik, sem verði til þess, að slysið skeður. Þegar drengurinn, hvattur af öðrum börnum umhverfis, ætlar að sýna þeim, að hægt sé að spenna bogann, hleypur örin þá af vegna slysni og lendir í einu umræddra barna, drengnum Magnúsi. Ekki sé minnsti vafi á því, að sú staðreynd, að börnin eigna drenginn, eigi verulegan þátt í slysinu. Þá virðist, að drengurinn, er fyrir slysinu varð, hafi verið í hópi þeirra, er að hvatningunni stóðu, og því sé eigin sök hans þannig jafnframt fyrir hendi. Börn voru að leik og leikir barna séu flestir hættulegir, ef vel er að gáð. Í íslenskum rétti hafi ekki verið út í það farið að leggja fébótaábyrgð á börn yngri en 14 ára. Aðdragandi slyss þessa hafi verið þannig, að hin almennt hættulitla athöfn hafi verið 10 ára dreng svo eðlileg, að ekki sé með sanngirni eða gildum rökum hægt að gera hann bótaskyldan, jafnvel í því tilviki, að tjón hefði hent annan en þann, er hlut átti í að eigna drenginn. Sé litið til fyrri atburðarásar, liggi ljóst fyrir, að tjónið verði að verulegu leyti af óvæntri og slysalegri tilviljun.

Að því er varðar persónulega ábyrgð stefndu Fjólu, þá er sýknu-krafan á því byggð, að til þess að ábyrgð verði lögð á foreldri, þá þurfi vangæsla og sök þess að vera mjög mikil. Slíkt verði eigi talið í þessu máli, þar eð hún hafi varað son sinn strax við og tjáð honum, að hún vildi ekki, að hann hefði bogann með höndum. Hún

hafi mátt treysta því, að hann hlýddi henni, enda ætlaði hann svo að gera, en var stöðvaður af barnahópnum fyrir utan húsið, svo sem fyrr var að vikið.

Að því er varðar stefnda Ólaf Helga, þá er sýknukrafan á því byggð, að hann hafi farið til vinnu sinnar klukkan 0900 að morgni og eigi komið heim frá vinnu fyrr en kl. 1800 sama dag. Upphaf og endir þeirra atvika, er leitt hafa til máls þessa, hafi því allir skeð, meðan hann var við vinnu sína, og því sé ekki með nokkru móti hægt að áfella hann um vangæslu í þessu efni.

Þá bendir stefndi á til stuðnings sýknukröfu sinni gagnvart öllum stefndu, að eins og atvikum sé háttað í málinu, hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til bóta vegna hins langvarandi aðgerðarleysis síns, þar sem hann aðhefst ekkert í málinu, fyrr en sjö árum eftir að umrætt slys varð.

Varakrafa stefndu er auk framangreindra raka byggð á tilvísun til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, en samkvæmt lögjöfnun frá þeirri grein telja þau, að fella eigi bætur niður með hliðsjón af aldri, efnaleysi og öðrum aðstæðum stefnda Einars, jafnvel þótt talið yrði, að um það mikla sök hefði verið að ræða af hans hálfu, að leitt hefði til bótaábyrgðar, ef eldri aðili hefði átt hér hlut að máli.

Prautavarakrafa stefndu er byggð á því, að kröfufjárhæðir stefnanda séu allt of háar. Einnig mótmæla þau vaxtakröfu stefnanda fyrir 4. desember 1965 sem fyrndri.

Svo sem fram kemur hér að framan, þá bjó drengurinn Einar sjálfur til bogann og örina úr trjágrein um hádegisbilið umræddan dag, og var hann einn að leik með hann. En slíkt er alltítt með drengi á aldri drengsins Einars, en hann var þá 10 ára. Er vart að ætla, að hann hafi gert sér grein fyrir þeim hættumöguleikum, sem slíkt leiktæki gæti haft. Móðir hans, stefnda Fjóla, áminnir hann um að eyðileggja bogann, er hún verður þess vör, að drengurinn er með hann, og er eigi annað í ljós leitt en Einar hafi þá farið með bogann út gagngert í þeim tilgangi. Hittir hann þá barnahóp, sem hvetur hann til að skjóta að sér af boganum, en hann hafi eigi viljað það, en er þó með bogann eitthvað spenntan. Örin hrekkur þá af óviljun af boganum og í drenginn Magnús. Þegar litið er til þessa svo og með tilliti til hins unga aldurs drengsins Einars, þá þykja eigi skilyrði til að fella á hann fébótaábyrgð af völdum slyssins.

Að því er varðar stefndu Fjólu persónulega, þá áminnir hún drenginn um að eyðileggja bogann, er hún verður hans vör í för-

um hans. Er eigi fram komið neitt gegn því, að hún hafi ekki mátt treyst drengnum að þessu leyti. Verður ekki talið, að hún hafi í umrætt sinn sýnt slíka vangæslu, að leggja beri á hana persónulega bótaábyrgð af völdum slyssins.

Að því er varðar stefnda Ólaf Helga, þá var honum alls ókunnugt um gerðir drengsins margnefndan dag. Þykir því bresta skilyrði til að fella á hann persónulega bótaábyrgð af völdum slyssins.

Samkvæmt þessu framanskráðu ber að sýkna öll stefndu af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda, sem hæfilega þykir ákveðinn kr. 72.000.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður hans, Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Málsvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 65.000.00, og renni hann óskiptur til talsmanns þeirra, Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanns.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en uppsaga hans hefur dregist fram yfir venju vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Ólafsson, Fjóla Einarsdóttir og Ólafur Helgi Árnason, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gísla Magnússonar f. h. ólöggráða sonar, Magnúsar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda, kr. 72.000.00, greiðist úr ríkissjóði, þar af hljóti talsmaður hans, Kristinn Einarsson hæstaréttarlögmaður, kr. 65.000.00.

Málsvarnarkostnaður stefndu, kr. 65.000.00, greiðist úr ríkissjóði og renni hann óskiptur til talsmanns þeirra, Sigurðar Hafsteins héraðsdómslögmanns.
